

HAFNARREGLUGERÐ**118**
30. des.

fyrir

Akranes.**I. KAFLI****Takmörk hafnarinnar.****1. gr.**

Akraneshöfn takmarkast að vestanverðu af beinni línu, er hugsast dregin úr Vestriflasartá í Syðriflasarenda og þaðan í Þjótarsker, en að sunnan og austan af beinni línu, er hugsast dregin úr Þjótarskeri í vestanverðan Sólmundarhöfða. Höfninni er skipt í tvennt, að vestan: Lambhúsasund, en að austan: Krossvík.

II. KAFLI**Stjórn hafnarinnar.****2. gr.**

Hafnarnefnd hefir á hendi umsjón með höfninni og framkvæmd hafnarmálefna, annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps. Í hafnarnefnd eiga sæti 5 menn, 3 kosnir af hreppsnefndinni og 2 kosnir af sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 5 ára og gengur einn úr árlega, fyrstu 4 árin eftir hlutkesti, sem hafnarnefnd sér um.

3. gr.

Öll gjöld, sem reglugerð þessi ræðir um, skulu renna í hafnarsjóð Akraness. Sjóðnum skal verja til umbóta á höfninni og til byggingar mannvirkja, er höfninni til heyra. Hreppsnefnd veitir fé úr sjóðnum, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Hafnarnefnd ákveður hvernig hafnarsjóð skulu ávaxta, enda ber hún ábyrgð á innstæðu hans. Hreppsnefnd er skylt að láta endurskoða reikninga hafnarinnar einu sinni á ári.

4. gr.

Hafnarnefnd ræður hafnarvörð, setur honum starfsreglur og ákveður laun hans. Hafnarnefnd kys sér formann og gjaldkera til eins árs í senn. Formaður kallar saman fundi og stjórnar þeim, sér um bókanir á fundargerðum og ályktunum nefndarinnar og hefir á hendi umsjón og eftirlit með fjármálum hafnarinnar í samráði við gjaldkera, samþykkir reikninga til útborgunar.

118 Hann skal hafa aðgang að reikningshaldi hafnarinnar, og skal gjaldkera skylt
30. des. að gefa honum glögga skýrslu yfir inn- og útborganir, þegar hann krefst þess.

Gjaldkeri hafnarnefndar skal hafa reikningshald hafnarinnar, annast innheimtu á hafnargjöldum með aðstoð hafnarvarðar, og hafa útborganir með höndum undir eftirliti formanns. Þó má hann ekki greiða neina reikninga fyrir höfnina, nema formaður hafnarnefndar hafi áður ritað á þá samþykki sitt.

Hafnarnefnd heldur fundi svo oft sem þörf krefur. Formanni er skylt að kveðja til fundar ef tveir nefndarmenn fara fram á það við hann. Fundir eru ekki ályktunarfærir nema a. m. k. þrír nefndarmenn séu á fundi.

III. KAFLI

Um almanna reglu.

5. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé almennrar reglu á höfninni, á bryggjum hafnarinnar og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýðnast boðum og banni hennar, hafnarvarðar, og annara þeirra starfsmanna, er hún setur til þess að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir lög-
reglustjóra eða sýslumanni, en skipun hafnarnefndar, hafnarvarðar eða annara starfsmanna hafnarinnar ber að hlýða tafarlaust, og varðar sektum ef út af er brugðið.

Skylt er að gæta varúðar um allt það, er valdið getur bruna. Áliti hafnarnefnd, að hætta geti stafað af meðferð eldfimrar vöru, er henni heimilt að gera þær varúðarráðstafanir, er henni þykir nauðsynlegar.

Óþörf skot og fugladráp er stranglega bannað á höfninni og á landi hennar.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

IV. KAFLI

Um notkun hafnarinnar.

6. gr.

Venjulega er skipum og bátum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó hefir hafnarvörður rétt til að leyfa skipum, sem sigla eftir fyrirfram ákveðinni og auglýstri áætlun og flytja póst, að leggjast að bryggju, þótt önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau þá að vikja á meðan hin eru afgreidd. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða að áliti hafnarvarðar, ber því að vikja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Ennfremur getur hafnarvörður vísað skipum

frá bryggju, álitu hann það nauðsynlegt veðurs vegna. Ef ágreiningur ris, ræð-
ur hafnarvörður í hverri röð skip koma að bryggju.

118
30. des.

7. gr.

Ef nauðsyn ber til þess að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem liggja nær.

8. gr.

Skip eða bátar mega ekki varpa akkerum á Lambhúsasundi, nema þar sem hafnarvörður ákveður. Hafnarnefnd ákveður og úrskurðar um öll atríði viðvikjandi legu skipa og báta á Lambhúsasundi, ef ágreiningur ris um það, eða ef hafnarvörður telur þörf á breytingum í því efni.

Nú tregðast eigandi eða umráðamaður skips eða báta að hlýða boði hafnarnefndar eða hafnarvarðar um að flytja skip sitt á höfninni, og getur þá hafnarnefnd látið flytja skip eða bát á kostnað og ábyrgð eiganda.

Á Lambhúsasundi má ekki nota önnur akkeri en svokölluð „patent“ akkeri, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar.

9. gr.

Hafnarnefnd hefir umsjón með bryggjum og mannvirkjum hafnarinnar og áhöldum, er þeim fylgja, og er öllum óheimil notkun þeirra, nema leyfi hafnarnefndar eða hafnarvarðar komi til.

Á hafnarsvæðinu má ekki gera nein mannvirki, né breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og heldur ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

10. gr.

Seglfestu, ösku, eða öðru því er valdið getur skemmdum á höfninni, mega skip ekki varpa útbyrðis á hafnarsvæðinu, né heldur má flytja slíkt úr landi út í höfnina.

11. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar, sem það að álitu hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eigandans og er hafnarnefnd heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum ef nauðsyn krefur.

12. gr.

Þeir, sem skemma bryggjur eða önnur mannvirki hafnarinnar og hafnartæki, eru skyldir til að bæta að fullu kostnaðinn við að lagfæra það.

V. KAFLI

Lestargjald.

13. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin, skulu greiða hafnargjald, sem miða skal við smálestátölu skipsins, í hvert skipti sem þau leggjast við festar á hafnarsvæðinu, þó með þeim undantekningum, er segir í 14. gr.

14. gr.

- a. Skip og báta 5—100 smálestir brúttó, sem eru eign manna, búsettra á Akranesi og gerð út þaðan til fiskveiða eða flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Akranesi a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestargjald einu sinni á ári, kr. 2,00 — tvær krónur — af hverri heilli brúttósmálest skips eða báts, þó ekki yfir kr. 100,00 — eitt hundrað krónur — fyrir einn bát eða skip. Vélbátar minni en 5 smálestir brúttó, skulu greiða kr. 5,00 — fimm krónur — lestargjald á ári.
- b. Skip 100 til 300 smálestir að stærð brúttó, sem eru eign manna búsettra á Akranesi og gerð út þaðan til fiskiveiða eða flutninga svo og önnur skip, sem gerð eru út þaðan a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári skulu greiða lestargjald einu sinni á ári, kr. 1,00 — eina krónu — af hverri heilli smálest af brúttó stærð skipsins.
- c. Flóabáturinn Reykjavík—Akranes—Borgarnes skal greiða lestargjald einu sinni á ári, kr. 1,50 — eina krónu og fimmtíu aura — af hverri heilli brúttósmálest skipsins.
- d. Innland fiskiskip, hverju nafni sem nefnast, svo og skip, sem eingöngu eru í innanlands siglingum, skulu greiða lestargjald, kr. 0,15 — fimmtán aura — af hverri smálest af nettó burðarmagni skipsins, þó ekki oftar en tvisvar í sama mánuði enda þótt þau komi oftar til hafnar.
- e. Öll önnur skip, sem á téð hafnarsvæði koma, — nema herskip, björgunarskip, varðskip, skip sem hafa skirteini sem skemmtiskip, skip sem gerð eru út til visindalegra rannsókna og skip, sem nefnd eru undir staflið f. þessarar greinar — skulu greiða 15 — fimmtán aura af hverri heilli smálest nettó. Skip, sem sigla eftir fastri áætlun, skulu þó ekki greiða gjald þetta oftar en einu sinni á mánuði. Heimilt skal hafnarnefnd að semja um lægra gjald fyrir skip, sem sigla eftir fastri áætlun, hvort sem er með ströndum landsins eða milli landa.
- f. Skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða, eða skemmda á skipi, greiða ekki lestargjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi vörur. Sama er með skip, sem leita hafnar til þess að rétta áttavita eða fá skipanir.

Gjalddagi lestargjalds samkvæmt a., b., og c.-lið þessarar greinar, skal

vera hinn 1. apríl ár hvert. Annars er lestargjaldið þegar fallið í gjalddaga, er skipið hefir varpað akkerum á hafnarsvæðinu.

118
30. des.

VI. KAFLI

Um vörugjald.

15. gr.

Fyrir notkun hafnarinnar skal greiða vörugjald af öllum vörum, sem fluttar eru úr landi um borð í skip á höfninni, eða úr skipi á land á hafnarsvæðinu. Vörugjaldið greiðist þannig:

1. flokkur: Gjald 15 aurar fyrir hver 100 kg.:
Kol, salt, saltfiskur verkaður, sement.
2. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kg.:
Saltfiskur óverkaður.
3. flokkur: Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kg.:
Blý, eldfastur leir, smíðajárn, girðingajárn, járnror, steypujárn, keðjur, akkeri, saumur, vélahlutar, mótorar, kolkrabbi, ný og fryst beitisild, innlendar kartöflur, kornvörur, sykur, smjörlíki, kjöt, gærur og hey.
4. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg.:
Brensluolia laus í geymir.
5. flokkur: Gjald 25 aurar fyrir hver 600 kg. af nýjum fiski, eða fyrir efni í 250 kg. af fullsöltuðum fiski, eða af efni í 160 kg. af verkuðum fiski, sem fluttur er á land, og jafnmikið, ef hann er fluttur úr landi aftur.
6. flokkur: Gjald 5 aurar fyrir hvert teningsfet:
Trjáviður og þessháttar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli, þar með talin, húsgögn og þ. h.
7. flokkur: Gjald 25 aurar fyrir hvert stykki:
Sauðfé, lýsis- og gotutunnur 100—116 ltr. fullar, tóm oliuföt og aðrar stórar tunnur (um 200 ltr.).
8. flokkur: Gjald 60 aurar fyrir hvert stykki:
Lýsisföt, smurningsolia og steinoliutunnur, um 200 ltr., fullar.
9. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hvert stykki:
Sildar- og gotutunnur og aðrar líkar tómar tunnur.
10. flokkur: Gjald 1 króna fyrir hvert stykki:
Mótorhjól, hross og nautgripir.
11. flokkur: Gjald 5 krónur fyrir hvert stykki:
Bifreiðar og dráttarvélar.
12. flokkur: Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg.:
Allar aðrar vörur, sem vant er að greiða flutningsgjald af eftir þyngd.

Fyrir vörur, sem eru aðfluttar til umhleðslu á höfninni eða við bryggju, greiðist hálf gjald. Sama gildir um vörur, sem eru umhlaðnar úr einu skipi í annað á höfn eða við bryggju.

118
30. des.

Fyrir aðfluttar vörur frá öðrum stöðum, t. d. fisk til verkunar, og aðrar þær vörur, sem eiga að flytjast út aftur, greiðist aðeins vörugjald þegar þær fara.

Hafnarnefnd hefir, í samráði við hreppsnefnd, heimild til að lækka þessa gjaldskrá allt að helmingi, ef nauðsyn krefur og ástæður leyfa. Ennfremur má hún semja sérstaklega um vörugjald af mjólk.

16. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Kol, olía, salt, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- b. Póstur og smávægilegur farþegaflutningur.
- c. Vörur og tæki til hafnarinnar eða annara fyrirtækja hreppsins.

17. gr.

Viðtakandi greiðir vörugjaldið af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi, af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnar, falla í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóri, formaður báts og afgreiðslumaður skips bera ábyrgð á að vörugjaldskyldar vörur séu ekki afhentar fyrr en vörugjaldið er greitt, og hafnarsjóður hefir haldsrétt í vörunum, unz hafnargjaldið er að fullu greitt og í skipi unz hafnargjaldið er greitt. Ef út af bregður, er það brot á hafnarreglugerðinni.

Öll gjöld til hafnarinnar eiga að greiðast á skrifstofu hafnargjaldkera.

18. gr.

Enginn flutningur, hverju nafni sem nefnist, má liggja á bryggjunum lengur en bráð nauðsyn krefur. Fisk má ekki slægja þar. Að öðru leyti eru notendur bryggjana og aðrir háðir þeim reglum, sem hafnarnefnd setur, um góða reglu og hreinlæti á þeim.

Ágreiningu um greiðslu hafnargjalda má skjóta til hreppsnefndar.

VII. KAFLI

Um bryggjugjald.

19. gr.

Hvert skip eða bátur, sem legst við hafnarbryggjurnar, skal greiða bryggjugjald af nettó burðarmagni skipsins, talið í heilum smálestum. Gjald þetta skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, 8 — átta — aura af hverri smálest, þó aldrei minna en 5 — fimm — krónur yfir sólarhringinn. — Ef skip liggur utan á öðru skipi við hafnarbryggjurnar, skal það greiða

hálftrúgjald. — Herskip, varðskip og flóabáturinn Reykjavík — Akranes — Borgarnes eru undanþegin bryggjugjaldi þessu.

118
30. des.

20. gr.

Bátar, stærri en 30 smálestir brúttó, sem ekki eiga heima á Akranesi og ekki eru gerðir út þaðan, skulu greiða 4 — fjórar — krónur fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, sem þeir liggja við bátabryggjurnar, en minni bátar 2 — tvær — krónur.

Bátar þeir, sem heima eiga á Akranesi eða gerðir eru út þaðan, skulu greiða 2 — tvær — krónur fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, sem þeir liggja við bryggjur hafnarinnar, án þess að ferming eða afferming eigi sér stað.

VIII. KAFLI

Ýms ákvæði.

21. gr.

Skipstjóri, sem fer í óleyfi út af höfninni, án þess að greiða lögmæt hafnargjöld og án þess að skilja eftir skipsskjölin hjá hafnarverði, hefir gert sig sekan um brot á reglugerð þessari.

Nú fer skip burt af höfninni í óleyfi, án þess að greiða lögmæt hafnargjöld, og ágreiningur ris síðar um það, hve oft skipið hafi komið til hafnar, eða hve lengi það hafi verið á hafnarsvæðinu, þá skal fara eftir skýrslu hafnarvörðar um það, nema annað sannist.

22. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda, og hefir hafnarsjóður haldrétt í vörum til tryggingar greiðslu á vörugjöldum en í skipum og bátum til tryggingar greiðslu annara gjalda þar til þau hafa verið greidd.

23. gr.

Nú segir gjaldandi rangt til um vörunafn, þyngd eða stærð gjaldskyldrar vöru, og eigi er ætlandi, né sannast, að um sé að kenna afsakanlegu gáleysi, þá skal hann skyldur til að greiða ferfalt vörugjald, og að auki sekt fyrir brot á hafnarreglugerðinni, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

24. gr.

Enginn, sem bakað hefir sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burtu af höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd eða hafnarvörður tekur gilda.

Sama gildir um skaðabótaskyld skip.

118

30. des.

25. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi né umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er eigi á skipi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt og skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

26. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20 til 1000 krónum, nema þyngri refsing liggvi við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

27. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lög-reglumál.

28. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð frá 18. febr. 1927, um notkun brygganna í Steinsvör og Lambhúsasundi á Akranesi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 64, 8. september 1931 til þess að öðlast gildi 1. janúar 1933 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. desember 1932.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.